

Ár 2010, föstudaginn 24. september, var í Félagsdómi í málinu nr. 6/2010.

Tollvarðafélag Íslands
gegn
íslenska ríkinu vegna
tollvarða við embætti sýslumannsins á
Akureyri.

kveðinn upp svofelldur

D Ó M U R :

Mál þetta var dómtekið var 31. ágúst sl. að loknum munnlegum málflutningi.
Málið dæma Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Kristjana Jónsdóttir, Inga Björg
Hjaltadóttir og Guðni Á. Haraldsson

Stefnandi er Tollvarðafélag Íslands, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Stefndi er íslenska ríkið, Arnarhvoli, Reykjavík, vegna tollvarða við embætti
sýslumannsins á Akureyri.

Dómkröfur stefnanda

Dómkröfur stefnanda eru þær að viðurkennt verði að tollvörðum, sem starfa við
embætti sýslumannsins á Akureyri og vinna samkvæmt samningi, dagsettum 15. júlí
1993, um vinnutíma tollvarða á Akureyri, sbr. samkomulag dagsett 3. júní 1993 um
bakvaktaálag tollvarða, skuli veitt frí fyrir reglubundna bakvakt, sem skipulögð er allt
árið, í samræmi við grein 2.5.4 í kjarasamningi Tollvarðafélags Íslands
og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, sem undirritaður var 6. júní 2005, óháð efni
áðurnefnds samnings frá 15. júlí 1993.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu.

Dómkröfur stefnda

Stefndi krefst sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar samkvæmt mati
réttarins.

Málavextir

Stefnandi, Tollvarðafélag Íslands (hér eftir nefnt TFÍ), er stéttarfélag tollvarða.
Félagið er aðili að Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, BSRB. Hinn 6. júní 2005 var
undirritaður kjarasamningur milli Tollvarðafélags Íslands og fjármálaráðherra með

gildistíma frá 1. maí 2005 til 31. október 2008. Á forsíðu samningsins kemur fram að um sé að ræða samantekt á samningum aðila frá 31. maí 2001 og 6. júní 2005. Þá hafi samkomulag bandalaga starfsmanna ríkisins og samninganefndar ríkisins frá 22. desember 2004 verið felld inn í samninginn.

Með kjarasamningum milli sömu aðila, dags. 4. nóvember 2008 og 3. júlí 2009, var kjarasamningurinn framlengdur með nánar tilgreindum breytingum.

Kafli 2. 5 í kjarasamningi frá 6. júní 2005 ber heitið *Bakvaktir* og hljóðar svo:

2.5.1. *Með bakvakt er átt við að starfsmaður sé ekki við störf en reiðubúinn til að sinna útkalli. Það telst ekki bakvakt ef starfsmaður dvelst á vinnustað samkvæmt beiðni yfirmanns. Um greiðslu fyrir bakvakt sjá gr. 1.6.2.*

2.5.2 *Starfsmaður á rétt á fríi í stað greiðslu álags fyrir bakvakt. 20 mínútna frí jafngildir 33,33% vaktaálagi, 27 mínútna frí jafngildir 45% vaktaálagi, 54 mínútna frí jafngildir 90% vaktaálagi.*

2.5.3. *Bakvaktargreiðsla fellur niður þann tíma sem yfirvinnukaup er greitt.*

2.5.4 *Fyrir reglubundna bakvakt, sem skipulögð er allt árið, skal veita frí sem svarar mest 80 klst. fyrir hverjar 1.200 klst. á bakvakt. Frí þetta skal veita hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.*

2.5.5 *Unnar stundir á bakvöktum skulu ekki dregnar frá þegar bakvaktarstundir á ári eru taldar, sbr. gr. 2.5.4.*

2.5.6 *Heimilt er að semja um annað fyrirkomulag greiðslu fyrir bakvaktir en að framan greinir. T.d. er heimilt að semja um ákveðinn fjölda klukkustunda fyrir bakvakt án tillits til tímalengdar. Ef samið er um aðrar bakvaktargreiðslur en um getur í gr. 1.6.2 skal, að teknu tilliti til útkallatíðni og lengdar útkalla á tilteknu viðmiðunartímabili, semja um að bakvaktargreiðslur falli ekki niður í útköllum, að hluta til eða öllu leyti.*

Forsaga málsins er sú að samkvæmt samkomulagi um breytingu á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og TFÍ frá 3. júní 1993 urðu aðilar sammála um að inn í 2. kafla samningsins um vinnutíma kæmi ný málsgrein er var svohljóðandi:

2.7 Vinna á fámennum stöðum

2.7.1 *Á fámennum stöðum þar sem 3 tollverðir eða færri starfa, skal samið sérstaklega um vinnutíma þeirra. Samningar þessir skulu gerðir á milli viðkomandi tollstjóra og starfsmanna, en háðir samþykki fjármálaráðuneytisins, dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og TFÍ. Samningum skal lokið innan tveggja mánaða frá undirskrift samnings þessa. Um greiðslur og annað sem af vinnutímafyrirkomulagi leiðir, skal samið milli TFÍ og viðkomandi ráðuneyta.*

2.7.2 *Þar sem 3 tollverðir starfa skal bakvaktastundafjöldi vera 190 klst. á mánuði.*

Þar sem 2 tollverðir starfa skal bakvaktastundafjöldi vera 190 klst. á mánuði.

Þar sem 1 tollvörður starfar skal bakvaktastundafjöldi vera 140 klst. á mánuði.

Hinn 15. júlí 1993 var gerður samningur á milli Tollstjórans á Akureyri og tollvarða embættisins um bakvaktaálag tollvarða á grundvelli framangreinds samkomulags frá 3. júní 1993. Í samningnum segir:

Greiðslur skulu vera í samræmi við nýja málsgrein 2.7.2 sem bætist við gildandi kjarasamning samkv. ofangreindu samkomulagi, þ.e. 190 klst. á mánuði á 45% vaktaálagi og skiptast greiðslur jafnt á milli tollvarða.

Tollverðir skuldbinda sig til að sjá um bakvaktir allar helgar í mánuði, en verða jafnan til taks á öllum tímum sólarhringsins aðra daga eins og verið hefur þegar tollafgreiðslu er þörf. Vaktaálagið greiðist eftir á og reiknast frá 15. til 14. hvers mánaðar. Fyrstu greiðslur samkv. samningi þessum skulu koma til fyrir tímabilið 15. maí til 14. júní 1993.

Í kjarasamningi aðila frá 31. maí 2001, með gildistíma 1. maí 2001 til 30. apríl 2005, kom inn ný grein 2.5.4 og var svohljóðandi:

Heimilt er að semja um annað fyrirkomulag greiðslu fyrir bakvaktir en að framan greinir. T.d. er heimilt að semja um ákveðinn fjölda klukkustunda fyrir bakvakt án tillits til tímalengdar. Ef samið er um aðrar bakvaktagreiðslur en um getur í gr. 1.6.2 skal, að teknu tilliti til útkallatíðni og lengdar útkalla á tilteknu viðmiðunartímabili, semja um að bakvaktagreiðslur falli ekki niður í útköllum, að hluta til eða öllu leyti.

Einnig kemur fram í bókun 6 með kjarasamningnum frá 31. maí 2001 að þar til gengið hefur verið frá fyrirkomulagi greiðslna samkvæmt grein 2.5.4 skuli ákveðið fyrirkomulag gilda á fámennum stöðum þar sem 3 tollverðir eða færri starfa. Er sú bókun í samræmi við áður gildandi ákvæði í kjarasamningi um vinnu á fámennum stöðum samkvæmt grein 2.7.

Með samkomulagi aðila um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila frá 6. júní 2005 var m.a. samið um breytingar á ákvæðum um bakvaktir. Eftir þá breytingu hljóðar grein 2.5.4 svo:

Fyrir reglubundna bakvakt, sem skipulögð er allt árið, skal veita frí sem svarar mest 80 klst. fyrir hverjar 1.200 klst. á bakvakt. Frí þetta skal veita hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Samkvæmt samkomulaginu varð grein 2.5.4, eins og hún áður var, að grein 2.5.6 og er hún því efnislega óbreytt í kjarasamningnum. Samkvæmt grein 2.5.6 er heimilt að semja um annað fyrirkomulag á greiðslum fyrir bakvaktir en greinum í greinum 2.5.4 og 2.5.5.

Í bókun 4 í greindu samkomulagi segir að þar til gengið hefur verið frá fyrirkomulagi greiðslna samkvæmt grein 2.5.4 skuli ákveðið fyrirkomulag gilda á fámennum stöðum þar sem 3 tollverðir eða færri starfa. Er sú bókun í samræmi við bókun 6 með kjarasamningnum frá 31. maí 2001 og áður gildandi ákvæði í kjarasamningi samkvæmt grein 2.7.

Ákvæði gr. 2.5.4 í núgildandi kjarasamningi var nýmæli í kjarasamningnum frá 2005. Síðar reis ágreiningur um hvort það bæri að veita tollvörðum hjá sýslumannsembættinu á Akureyri frí á grundvelli greinarinnar eða hvort samkomulagið frá 15. júlí 1993 leiði til þess að þeir eigi ekki rétt á fríinu.

Vegna erindis frá stefnanda óskaði tollstjórinn á Akureyri með bréfi, dags. 19. febrúar 2008, eftir áliti fjármálaráðuneytisins á því hvort tollverðir sem fá greidda fasta þóknun í formi bakvaktagreiðslna eigi frítökurétt samkvæmt ákvæðum í kjarasamningi.

Með bréfi, dags. 5. mars 2008, veitti fjármálaráðuneytið tollstjóranum á Akureyri umbeðið álit. Þar segir m.a.:

Með samkomulagi um bakvaktaálag tollvarða dags. 15. júlí 1993 gerðu tollstjórinn á Akureyri og tollverðir embættisins samning um bakvaktaálag tollvarða. Samkvæmt samkomulaginu fá tollverðir við embættið greiddar mánaðarlegar greiðslur alla mánuði ársins í formi bakvaktagreiðslna, 190 stundir á mánuði sem skiptist jafnt á milli tveggja tollvarða. Enginn frádráttur á sér stað þó farið sé í útkall og ekki er getið um frítökurétt í samkomulaginu.

Samkvæmt grein 2.5.6 er heimilt að semja um annað fyrirkomulag á greiðslum fyrir bakvaktir en greinir í greinum 2.5.4 og 2.5.5. Á meðan Tollvarðafélag Íslands hefur ekki óskað eftir endurskoðun á samkomulaginu frá 15. júlí 1993, með hliðsjón af breyttum kjarasamningum, er samkomulagið enn í fullu gildi. Þar sem ekki er getið um frítökurétt í samkomulaginu er það álit ráðuneytisins að tollverðir við embætti tollstjórans á Akureyri eigi ekki frítökurétt samkvæmt grein 2.5.4 í kjarasamningi ríkisins og Tollvarðafélags Íslands vegna bakvakta samkvæmt samningi um bakvaktaálag tollvarða frá 15. júlí 1993.

Tollstjórinn á Akureyri hafnaði síðan erindi stefnanda með vísan til álits ráðuneytisins. TFÍ óskaði þá eftir áliti réttindanefndar BSRB á ágreiningsefninu. Réttindanefnd lét í té álit, sem er dagsett 14. maí 2008. Þar segir meðal annars:

Rétt er að geta þess í upphafi að ákvæði um gæsluvaktarfrí komu almennt inn í kjarasamninga opinberra starfsmanna árið 2001 en í kjarasamning tollvarðafélagsins nokkru síðar eða þann 6. júní 2005. Í ákvæðum kjarasamnings flestra stéttarféлага opinberra starfsmanna eru einnig ákvæði um hvenær heimilt er að taka gæsluvaktarfrí og einnig um að ekki sé heimilt að flytja það milli ára. Ekkert slíkt ákvæði er í kjarasamningi Tollvarðafélagsins og að mati

réttindanefndar eru engar heimildir til niðurfellingar þessara réttinda og að lögbundnar fyrningarreglur gildi um þau, þ.e. fjögurra ára fyrning á kröfuréttindum.

Þá er réttindanefndin algerlega ósammála túlkun fjármálaráðuneytisins um að Tollvarðafélagið verði að óska endurskoðunar á samkomulaginu frá 1993 til að tryggja lögbundin lágmarksréttindi samkvæmt breytingum á kjarasamningi sem síðar eru tilkomnar. Það ákvæði sem fjármálaráðuneytið vísar til er heimildarákvæði um annað greiðslufyrirkomulag en tiltekið er í grein 1.6.2 en tekur ekki til ákvæðis 2.5.4 um réttinn til gæsluvaktarfría vegna reglubundinna bakvakta sem skipulagðar eru allt árið. Réttindanefndin gerir einnig athugasemd við það orðalag ráðuneytisins að ræða um „fritökurétt“ í þessu sambandi. Ótvíræður réttur á gæsluvaktarfríi kom árið 2005 í samning Tollvarðafélagsins og Fjársýslunni er óheimilt að taka það að af.

Í framhaldinu óskaði stefnandi eftir því við ráðuneytið með bréfi, dags. 9. júní 2008, að það endurskoðaði niðurstöðu sína með hliðsjón af álitum réttindanefndar BSRB. Með bréfi, dags. 2. júlí 2008, hafnaði ráðuneytið að endurskoða fyrra álit með vísan til þess að það væri ósammála túlkun réttindanefndar BSRB.

Stefnandi kveður málsaðila hafa átt árangurslausar viðræður um lausn ágreiningsins. Stefnandi kveður því nauðsyn bera til að höfða mál þetta, til að fá skorið úr ágreiningnum, sem lúti að túlkun á grein 2.5.4 og 2.5.6.

Málsástæður stefnanda og lagarök

Stefnandi byggir kröfur sínar á því að í grein 2.5.4 í kjarasamningi Tollvarðafélags Íslands og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs sé kveðið á um að veita skuli tiltekið frí fyrir reglubundna bakvakt sem skipulögð sé allt árið. Ekki sé um að ræða heimildarákvæði og ekki sé heldur um að ræða fritökurétt. Ákvæði greinar 2.5.6 feli í sér heimild til að semja um annað fyrirkomulag greiðslu fyrir bakvaktir. Ákvæðið komi ekki í stað greinar 2.5.4 um bakvaktafrí (gæsluvaktafrí). Í núgildandi grein 2.5.4 sé ekki kveðið á um greiðslufyrirkomulag, heldur að veita skuli tiltekið frí. Því telji stefnandi að gr. 2.5.6 komi ekki í stað gr. 2.5.4.

Til enn frekari rökstuðnings vísist til rökstuðnings í álitum réttindanefndar BSRB. Lögð sé áhersla á að grein 2.5.4 hafi verið nýmæli í kjarasamningi aðila á meðan grein 2.5.6 eigi sér lengri forsögu. Grein 2.5.6 hafi því augljóslega ekki verið ætlað að heimila frávík frá grein 2.5.4, og um slíkt frávík hafi ekki verið samið.

Málkostnaðarkrafa sé gerð með vísan til 130. gr., sbr. 129. gr., laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Stefnandi hafi ekki frádráttarrétt vegna kostnaðar af virðisaukaskatti af aðkeyptri lögmannsþjónustu og beri að taka tillit til þess.

Krafa stefnanda lúti að túlkun á ákvæðum kjarasamnings, sem ágreiningur sé um hvernig beri að skýra. Tollverðir, sem starfa við embætti sýslumannsins á Akureyri, séu félagsmenn í TFI. Ágreiningsefnið eigi undir Félagsdóm, sbr. 3. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986.

Málsástæður stefnda og lagarök

Með vísan til forsögu kjarasamningsákvæða um bakvaktir og frítökurétt tollvarða í kjarasamningi stefnanda og stefnda sé það álit stefnda að á meðan stefnandi hafi ekki óskað eftir endurskoðun á samkomulaginu frá 15. júlí 1993, með hliðsjón af breyttum kjarasamningum, sé samkomulagið enn í fullu gildi. Í kjarasamningi málsaðila sé heimild í grein 2.5.6 til að gera breytingu á fyrra samkomulagi. Þar sem ekki sé getið um frítökurétt í samkomulaginu frá 1993 sé það álit stefnda að tollverðir við embætti tollstjórans á Akureyri eigi ekki frítökurétt samkvæmt grein 2.5.4 í kjarasamningi málsaðila vegna bakvakta sem byggja á samningi um bakvaktaálag tollvarða frá 15. júlí 1993. Beri því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Stefndi vilji undirstrika að samningurinn frá 15. júlí 1993 sé enn í fullu gildi og eftir honum sé enn farið. Kjarasamningur aðila hafi ekki breytt fyrra samkomulagi. Ákvæði greinar 2.5.4 í kjarasamningi málsaðila sé heimildarákvæði sem ákvarðað gæti réttarstöðu aðila ef ákvörðun yrði tekin um að semja á grundvelli heimildarákvæðis 2.5.6 í kjarasamningi aðila. Meðan stefnandi óski ekki eftir breytingu á samningnum frá 15. júlí 1993 standi hann óbreyttur. Að óbreyttu geti stefnandi því ekki vísað til ákvæðis 2.5.4.

Niðurstaða

Mál þetta á undir Félagsdóm samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Ágreiningsefni máls þessa lýtur að því hvort tollvörðum við embætti sýslumannsins á Akureyri, sem vinna samkvæmt samningi, dags. 15. júlí 1993, um bakvaktaálag tollvarða, sbr. samkomulag, dags. 3. júní 1993, um breytingu á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Tollvarðafélags Íslands, skuli veita frí á grundvelli greinar 2.5.4 í gildandi kjarasamningi aðila. Samkvæmt þessari grein kjarasamningsins skal fyrir reglubundna bakvakt, sem skipulögð er allt árið, veita frí sem svarar mest 80 klst. fyrir hverjar 1.200 klst. á bakvakt. Frí þetta skal veita hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma. Ákvæði þetta var tekið upp með kjarasamningi aðila, sem undirritaður var 6. júní 2005, sbr. 7. gr. samkomulags milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Tollvarðafélags Íslands um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila, dagsett sama dag. Með samkomulagi þessu var

gildandi kjarasamningur aðila framlengdur til 31. október 2008. Með samkomulagi málsaðila, dags. 4. nóvember 2008, voru gildandi kjarasamningar framlengdir frá 1. nóvember 2008 til 31. maí 2009. Með samkomulagi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og tilgreindra aðildarféлага Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, þar á meðal stefnanda í máli þessu, frá 3. júlí 2009 voru gildandi kjarasamningar framlengdir til 30. nóvember 2010. Þess er að geta að með 7. gr. greinds samkomulags frá 6. júní 2005 færðist enn fremur þágildandi ákvæði greinar 2.5.4 um heimild til að semja um annað fyrirkomulag greiðslna fyrir bakvaktir í grein 2.5.6 þar sem það er enn að finna.

Með fyrrgreindum samningi frá 15. júlí 1993 var samið um bakvaktaskipan og bakvaktagreiddslur tollvarða við embættið á Akureyri í samræmi við samkomulagið frá 3. júní 1993 um breytingar á kjarasamningi þar sem tekin voru upp, með kafla 2.7, greinar 2.7.1 og 2.7.2, ákvæði um vinnu á fámennum stöðum.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að umrætt ákvæði greinar 2.5.4 í núgildandi kjarasamningi aðila mæli fortakslaust fyrir að veita skuli frí fyrir reglubundna bakvakt sem skipulögð er allt árið. Hvorki sé um heimildarákvæði að ræða né frítökurétt. Ákvæði greinar 2.5.6, sem feli í sér heimild til að semja um annað greiðslufyrirkomulag vegna bakvakta, komi ekki í stað greinar 2.5.4 um bakvaktarfrí. Ekki sé unnt að skilja samninginn frá 15. júlí 1993 svo að umræddum félagsmönnum stefnanda beri ekki frí, ella væru þeir að afsala sér fríi samkvæmt grein 2.5.4. Er á það bent að þegar umræddur samningur var gerður á árinu 1993 hafi ákvæði greinar 2.5.4 í gildandi kjarasamningi ekki verið komið til sögunnar, enda fyrst tekið upp árið 2005. Orðalag greina 2.5.4 og 2.5.6 beri ótvírætt með sér að fortakslaust beri að veita frí.

Stefndi byggir á því að samningurinn frá 15. júlí 1993 sé enn í fullu gildi og eftir honum farið, enda hafi stefnandi ekki óskað eftir breytingu á honum. Í samningnum sé ekki mælt fyrir um slíkt frí, sem um ræðir í málinu, er sé óumdeilt. Kjarasamningur aðila frá 6. júní 2005 hafi ekki breytt fyrra fyrirkomulagi. Ákvæði greinar 2.5.4 í þeim samningi sé heimildarákvæði sem geti ákvarðað réttarstöðu aðila ef ákvörðun yrði tekin um að semja á grundvelli heimildarákvæðis 2.5.6 í þeim samningi. Vísar stefndi til þess að sú skipan, sem komið var á árið 1993, hafi gilt óbreytt síðan. Síðari kjarasamningar hafi ekki hróflað við henni, sbr. m.a. bókun 6 með kjarasamningi frá 31. maí 2001. Varðandi kjarasamninginn frá 6. júní 2005 vísar stefndi sérstaklega til bókunar 4 sem hann telur lykilatriði.

Hér að framan er gerð grein fyrir ákvæðum um vinnutíma tollvarða á fámennum stöðum, þar á meðal um bakvaktir, sem tekin voru upp með samkomulagi, dags. 3. júní 1993, um breytingu á kjarasamningi aðila, svo og samningi um bakvaktarálag tollvarða, dags. 15. júlí 1993, sem gerður var í kjölfar hinna nýju ákvæða í kjarasamningnum. Verður ekki annað ráðið en að ágreiningslaust sé að þessi skipan sé enn í gildi, enda hefur stefnandi ekki vefengt það. Verður að skilja

málatilbúnað stefnanda svo að hvað sem greindri skipan líður eigi umræddir félagsmenn stéttarfélagsins engu að síður að njóta þeirra ákvæða um frí sem tekin voru upp með 7. gr. samkomulags um breytingar á kjarasamningi, dags. 6. júní 2005, og urðu grein 2.5.4 í kjarasamningnum og hafa verið þar síðan. Eins og fram er komið varð við breytingar þessar þáverandi grein 2.5.4, er fjallaði um heimild til að semja um annað fyrirkomulag greiðslu fyrir bakvaktir en almennt gildi, að grein 2.5.6. Í nefndri bókun 4 með samkomulaginu frá 6. júní 2005 er tekið fram að þar til gengið hefur verið frá fyrirkomulagi greiðslna samkvæmt grein 2.5.4 (á að vera grein 2.5.6) skuli semja sérstaklega um vinnutíma tollvarða á fámennum stöðum, þar sem 3 tollverðir eða færri starfa, þar á meðal um bakvaktir, og er þarna alveg um hliðstæð ákvæði að ræða og í samkomulaginu frá 3. júní 1993 sem samningurinn frá 15. júlí 1993 er byggður á. Er þetta í samræmi við það sem áður greindi í kjarasamningum, sbr. m.a. umrædda bókun 6 með kjarasamningi frá 2001 þar sem vísað var til frágangs greiðslna með sama hætti. Verður því að taka undir það með stefnda að á meðan í gildi er sérstakt samkomulag um bakvaktargreiðslur tollvarðanna, sbr. samninginn frá 15. júlí 1993, sem telja verður tæmandi, beri þeim ekki réttur til frís á grundvelli greinar 2.5.4 í kjarasamningi aðila án þess að um það sé sérstaklega samið. Verður því að sýkna stefnda af dómkröfu stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, íslenska ríkið vegna tollvarða við embætti sýslumannsins á Akureyri, skal vera sýkn af kröfu stefnanda, Tollvarðafélags Íslands í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Eggert Óskarsson,

Gylfi Knudsen

Inga Björg Hjaltadóttir

Kristjana Jónsdóttir,

Guðni Á. Haraldsson